

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við  
sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 34/1998, skal vera Grímsnes- og Grafningshreppur.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.*

**Páll Pétursson.**

Sesselja Árnadóttir.

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Egilsstaðabæjar,  
Eiðahrepps, Hjaltastaðahrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 33/1998, skal vera Austur-Hérað.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.*

**Páll Pétursson.**

Sesselja Árnadóttir.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013,  
við Kasthúsátjörn og sunnan Blikastígs.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 1. desember 1993.

Breytingin felst í því að hætt er við áform um framtíðaríþróttasvæði við Kasthúsátjörn og íbúðarsvæði suður af Blikastíg er minnkað og í staðinn kemur útivistarsvæði (grænt svæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 576

24. september 1998

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar  
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988,  
með síðari breytingum.**

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Stjórn Akranesveitu.* Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
3. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
4. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og ferðamála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
5. *Æskulýðs- og félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskulýðs- og félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Æskulýðs- og félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraðra í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunarnefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraðra. Þá fer ráðið með æskulýðsmál, menningarmál æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarins og æskulýðsfélög.
6. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál.